

Heiti máls: Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði

Máls númer: 0272/2024

Stutt lýsing:

Sveitarfélagið Múlaþing leggur hér fram breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030 skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Múlaþing áformar að endurskoða skipulag á hluta hafnarsvæðis á Seyðisfirði vegna breyttra forsendna, þróunar á hafnarsvæðinu og áforma um uppbyggingu á Tækniminjasafni Austurlands.

Samhliða aðalskipulagsbreytingu verður unnið að breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir Fjarðarhöfn, Pálshús og Ölduna. Báðar tillögur verða auglýstar samtímis.

Stofnað af: Sóley Valdimarsdóttir/soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Stofnað þann: 08.03.2024

Sveitarfélag: Múlaþing

Vegna: Máls nr. 0272/2024, Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlögð gögn og telur ekki tilefni til að veita umsögn um tillögu að breytingu á aðalskipulagi á vinnslustigi. Stofnunin mun taka tillöguna til skoðunar þegar hún verður send stofnuninni til athugunar fyrir auglýsingu ásamt stafrænum gögnum og viðeigandi fylgiskjöllum þ.m.t. framkomnum umsögnum.

Höfundur: Guðjón Þór Erlendsson/gudjon.erlendsson@skipulag.is

Sent inn þann: 19.03.2024, **Fyrir hönd:** Skipulagsstofnun

Vegna: Máls nr. 0272/2024, Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði (Kynning tillögu á vinnslustigi)


Athugasemd:

Farice ehf gerir í raun ekki neinar athugasemdir við þessar framkvæmdir en vill benda á að á hluta af því svæði sem til stendur að fara í framkvæmdir á eru jarðskaut sem mikilvægt er að ekki verði fyrir hnjaski eða skemmdum. Þessi skaut eru lífæð fyrir FARICE-1 sæstrenginn og getur það valdið miklum truflunum á útlandasamböndum ef þau skemmast. Meðfylgjandi er skemateikning sem sýnir hvar þau eru. Allar nánri upplýsingar veitir Örn Jónsson, tæknistjóri Farice ehf.

Höfundur: Örn Jónsson/orn.jonsson@gmail.com

Sent inn þann: 22.03.2024, **Fyrir hönd:** FARICE ehf.

er háð efnisflutningum úr Fjarðarheiðargöngum en reiknað er með að framkvæmdin verði unnin í einum áfanga. Á svæðinu eru engar jarðmyndanir hljóta verndar á svæðinu.



Mynd 2. Fyrirhuguð stækkun hafnarinnar. Hönnun: Vegagerðin.


Með stækkun á hafnarsvæðinu opnast möguleikar á að taka á móti skemmtiferðaskipum og fleiri strandveiðibátum eða öðrum smærri bátum. Einnig opnast möguleikar í framtíðinni að landtengja skemmtiferðaskip sem leggjast upp að bryggju.

2.3 Uppbygging á Tækniminjasafni Austurlands

Starfshópur gerði tillögur um flutning sögulegra húsa á Seyðisfirði eftir hamfarirnar 2020 og lagði til nýtt safnasvæði verði við Lónsleiru (13-17) og að bryggjuhúsið Angró yrði jafnframt flutt þangað. Einnig eru áform um að við hlið Angró, að sunnanverðu, muni rísa hús sem taka mið af Gömlu skipasmíðastöðinni. Þá er gert ráð fyrir að nægt rými sé á lóðinni fyrir frekari uppbyggingu þegar fram í sækir.

2.4 Minjar

Svæðið er meira og minna á manngerðri landfyllingu sem var að stórum hluta gerð á árunum um aldarmótin 2000. Í gegnum tíðina hefur verið mikið rask á svæðinu, bæði vegna framkvæmda við höfnina og í tengslum við skriðuföllin árið 2020. Fornleifaskráning var gerð á Seyðisfirði í tengslum við



Brooke Edgley Specialist Technical Services Ltd Wishaw - 01698 - 374101		best
Project	- ICELAND SWITCH SITE	
Title	- GROUNDBED SYSTEM	
Drawing no	- ISS - 002	
Scale	- N.T.S.	
Drawn by	- P.M.DOUGLAS	
Date	- 26TH AUGUST 2003	



Samband sveitarfélaga á Austurlandi

Tjarnarbraut 39e · 700 Egilsstaðir · Sími 470 3800 · ssa@ssa.is · www.ssa.is

Skrifstofa Múlaþings
B.t. Sóleyjar Valdimarsdóttir
700 Egilsstaðir

Austurlandi, 25. mars 2024.

Efni: Umsögn svæðisskipulagsnefndar Austurlands um mál nr. 0272/2024 í skipulagsgáttinni

Vísað er í tölvupóst sem barst á netfangið ssa@ssa.is frá Skipulagsgátt þann 12. mars 2024, þar sem óskað er eftir umsögn svæðisskipulagsnefndar Austurlands um breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðar þ.e. mál nr. 272/2024 sem snýr að stækkun hafnarsvæðis og nýju safnasvæði.

Svæðisskipulagsnefnd sveitarfélaganna á Austurlandi gerir ekki efnislegar athugasemdir við vinnslutillöguna að svo stöddu. Nefndin fagnar því að hugað sé að samræmi skipulags- og matslýsingarinnar við Svæðisskipulag Austurlands 2022 - 2044 og hvetur sveitarfélagið til að hafa áfram í huga þau markmið og þá framtíðarsýn sem sett er fram í svæðisskipulaginu.

Virðingarfyllt
f.h. svæðisskipulagsnefndar

Dagmar Ýr Stefánsdóttir

Dagmar Ýr Stefánsdóttir
framkvæmdastjóri SSA

Vegna:

Athugasemdir vegna breytinga á Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030, dags. 13. febrúar 2024, og vegna vinnslutillögu á deiliskipulagsbreytingu, dags. 23. febrúar 2024, á deiliskipulagi sem ber heitið „Hafnarsvæði, Fjarðarhöfn og Aldan“ sem samþykkt var 16. mars 2016.

Tækniminjasafn Seyðisfjarðar tekur breytingum, á bæði Aðalskipulagi Seyðisfjarðar 2010-2030 og á deiliskipulagi sem ber heitið „Hafnarsvæði, Fjarðarhöfn og Aldan“, fagnandi þar uppbygging safnsins er fest í skipulagi, en það hefur lengi verið í undirbúningi.

Sögufræga húsið Angró gengur í endurnýjun lífdaga á svæðinu og mun fá friðlýsingu að endurbyggingu lokið, auk Angró verður nýbygging reist sem mun styðja við safnastarfsemi á svæðinu.

Safnið verður mikil lyftistöng fyrir bæinn og mun ljá Lóninu einstakan blæ. Það er því mikilvægt að safnið og safnasvæðið fái að njóta þess að vera í forgrunni á svæðinu og að Angró njóti sín sem kennileiti við Lónsbakkann með tilsýn úr öllum áttum.

Huga þarf að því við uppbyggingu á aðliggjandi lóð að ekki sé dregið úr áhrifum Angró og safnasvæðisins við Lónsbakkann. Því er tekið fagnandi að önnur hús sem skipulögð eru séu nokkuð aftar á svæðinu frá Lóninu séð sem styður við hugmyndafræði safnsins um að Angró fái að vera kennileiti við Lónið.

Á komandi árum er ráðgert að safnið geti stækkað, innan þess svæðis sem tilgreint er sem svæði fyrir þjónustustofnanir í aðalskipulagsbreytingunni, sem styður við áhrif og mikilvægi safnsins í safnaflóru landsins. Fyrst um sinn verða haldnar útsýningar á svæðinu sem verða aðgengilegar öllum utan opnunartíma safnsins. Bryggjur í kringum safnið, sem hannaðar hafa verið þannig að þær njóti sem metrar sólar og skjóls, verða mannlífstorg bæjarins og ávalt opnar öllum.

Í breytingunum sem nú eru gerðar er gólfkvóti bygginga við Lónið fastlagður, með tilliti til bæði lágmarks gólfhæðar í viðmiðunarreglum Vegagerðarinnar á lágsvæðum við Seyðisfjörð, auk þess sem 25 cm er bætt við vegna flóðahættu úr Fjarðará. Hönnun safnahúsa mun aðlaga sig að þessum hæðarkvótum en mikilvægt er að huga að aðlögun lands og hafnargörðum samhliða uppbyggingu safnsins. Forsvarsmenn safnsins, og hönnuðir húsa þess, óska eftir samstarfi og samráði við hönnun hafnargarða sem falla vel að hönnun safnsins, bryggju- og lóðarhönnun.

Að lokum vill safnið fagna þeirri breytingu sem fram kemur um bílastæði handan götunnar á deiliskipulagi enda mikil umferð bíla á svæðinu bæði vegna umsvifa hafnarinnar en einnig eru bílastæðin safninu mikilvæg þar sem lítið pláss er á lóð safnsins til að taka við umfangsmikilli bílaumferð.

Fyrir hönd Tækniminjasafns Seyðisfjarðar og hönnunarteymis nýs safnasvæðis við Lónsleira,

Hildur Gunnlaugsdóttir arkitekt og umhverfisfræðingur



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands
Bakka 1 765 Djúpavogi

Múlþing
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 17. apríl 2024
MÍ202403-0090/ 6.08 / Þ.E.H.

Efni: Aðalskipulag Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-20230 - tillaga að breytingu vegna hafnar- og safnasvæðis

Minjastofnun Íslands hefur móttengið erindi Múlþings í gegnum Skipulagsgáttina þar sem óskað var eftir umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu að breytingu á Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 vegna hafnar- og safnasvæðis (mál nr. 272/2024 í Skipulagsgáttinni). Hægt var að hlaða niður greinargerðinni (dags. 13.02.2024). Samhliða er verið að vinna að breytingu á deiliskipulagi svæðisins.

Meginmarkmið breytingarinnar er að auka athafnarými hafnarinnar með landfyllingu og lengingu á hafnarkanti, til þess að bæta aðgengi að hafnarkosti og tryggja öruggt athafnarsvæði fyrir hafnsækna starfsemi til framtíðar. Einnig er markmiðið að tryggja öruggt svæði fyrir uppbyggingu Tækniminjasafns Austurlands. Breytingin nær yfir 8ha svæði við núverandi hafnaraðstöðu Norrænu og svæðið í kring. Svæðið er að stórum hluta landfylling. Búðarár rennur í gegnum svæðið í manngerðum farvegi, utan við ána er sjóvarnargarður og smábátahöfn en innan við ána er óbyggt svæði sem hefur verið nýtt sem hundasvæði, geymslusvæði og til haugsetningar á jarðefnum.

Breytingartillagan felur aðeins í sér breytingu á aðalskipulagsupprætti. Á þéttbýlisupprætti eru gerðar breytingar á hafnarsvæði þar sem það er stækkað, iðnaðarsvæði skólphreinsistöðvar er fært af hafnarbakkanum, við austurenda Lónsins er skilgreint svæði fyrir þjónustustofnanir, lóð við Hafnargötu 11 verður skilgreint sem athafnarsvæði, íbúðarsvæði og verslunar- og þjónustusvæði við árfarveg Búðarár er fellt út af skipulagi og tengivegurinn Drafnarleira er felldur út af skipulagi.

Í kafla 2.4 er fjallað um minjar. Þar segir að svæðið sé að mestu á manngerðri fyllingu frá aldamótum 2000. Fornleifaskráning hafi verið gerð vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar en hún uppfyllir ekki skráningarstaðla Minjastofnunar Íslands. Fimm fornleifar séu samkvæmt henni innan svæðisins. Einnig séu innan svæðisins eitt friðlýst hús, Hafnargata 11, og eitt friðað hús, Hafnargata 25.

Í kafla 4 er umhverfisskýrsla. Þar segir að áhrif breytingartillögunnar sé metin jákvæð á náttúru- og menningarminjar.

**Puríður Elísa
Harðardóttir**

Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands:

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um skipulags- og matslýsingu fyrirhugaðra breytinga með bréfi dags. 24. febrúar 2023. Vakti þar stofnunin athygli á því að innan aðalskipulagsbreytingarinnar sé friðlýst hús sem gera þyrfti grein fyrir á skipulagsupprætti.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2021 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Svæðið er töluvert raskað vegna seinni tíma framkvæmda en er auk þess að miklu leyti uppfylling. Eins og kom fram í fyrri umsögn stofnunarinnar var ekki talin þörf á því að uppfæra fyrirbyggjandi fornleifaskráningu innan svæðis skipulagsbreytingarinnar sökum þess að þær fornleifar sem þar eru skráðar sjást ekki á vettvangi og er því staðsetningarpunktur þeirra fullnægjandi. Svæðin þar sem þær stóðu hafa tekið miklu breytingum vegna breytingar á strandlínu, vegna byggingarframkvæmda og veitulagna. Mikilvægt er þó að hafa í huga að fara með aðgát við framkvæmdir á þessum stöðum og að þær séu stöðvar án tafar og Minjastofnun Íslands gert viðvart ef minjar koma í ljós. Líkur á því að minjar leynist á hafsbotni innan svæðisins eru taldar ólíklegar sökum landfyllinga, dýpkanaframkvæmda og að hluti hans er þakin skriðuefni frá ofanflóðunum 2020 og er því ekki talin þörf á frekari könnun þar. Innan svæðis skipulagsbreytingarinnar standa fjórar byggingar. Tvær af þeim falla undir verndarákvæði laga um menningarminjar, Hafnargata 11 er friðlýst hús frá 1918 og Hafnargata 25 er friðað hús frá 1886.

Minjastofnun Íslands gerir ekki athugasemdir við breytingu á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 eins og hún hefur verið kynnt fyrir stofnuninni en bendir á að færa þarf merkingu fyrir friðlýst hús inn á aðalskipulagsupprátt. Vakin er athygli á því að skráning húsa sem falla undir verndargildi laga um menningarminjar nr. 80/2012 er ekki lokið.

Minjastofnun Íslands vekur einnig athygli á umsögn stofnunarinnar um breytingu á deiliskipulagi sama svæðis (mál nr. 282/2024 í Skipulagsgáttinni). Rétt er að minna á að allar frekari deiliskipulagstillögur, breytingar á deiliskipulagi og/eða framkvæmdarleyfa þurfa að koma til umsagnar hjá stofnuninni. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Vegna: Máls nr. 0272/2024, Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Eftirfarandi er umsögn Samgöngustofu sem barst sveitarfélaginu í tölvupósti þann 18. apríl 2024:
"Við hjá Samgöngustofu vildum bæta því við þar sem við misstum af umsagnartíma að við höfum ekki neina athugasemd við máli nr. 272/2023 Stækkun hafnarsvæðis og nýtt safnasvæði."

Höfundur: Sóley Valdimarsdóttir/soley.valdimarsdottir@mulathing.is

Sent inn þann: 18.04.2024, **Fyrir hönd:** Samgöngustofa